

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagurinn 5. maí 2017.



VINSTRI GRÆN

17. Fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Edward H. Huijbens ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt: Katrín Jakobsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Edward H. Huijbens, Ingibjörg Þórðardóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir F.h. UVG Ragnar Auðun Árnason. F.h. EVG Þóra Elfa Björnsson. Sóley Björk Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi sveitarstjórnarráðs. F.h starfsmanna: Bjarki Þór Grönfeldt, Björg Eva Erlendsdóttir, Bergþóra Benediktsdóttir og Lís Kristjánsdóttir.

Á fjarfundi: Björn Valur Gíslason og Bjarni Jónsson.

Forföll boðuðu: Álfheiður Ingadóttir, Daníel Haukur Arnarsson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Hrafnkell Lárusson og Jakob S. Jónsson.

Fundur settur kl. 15:20.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Una Hildardóttir mætir á fund 15.25

2. Undirbúningur fyrir landsfund, lengd fundar og skipulag.
 - a. Búið er að finna hópstjóra í alla hópa og senda hópstjórum bréf.
 - b. Lagabreytingarnefnd er að mótast og fara af stað
 - c. Fundarstími: 6.-8. október með áherslu á sveitarstjórnarmál. Umræður um lengd fundar. Mikilvægt að hefja fund seinnipart á föstudegi og lokið uppúr hádegi á sunnudegi. Rætt um að bjóða sameiginlega gistimöguleika.
 - d. Fundarstaður: Grand hótél
 - e. Erlendir gestir, þremur breskum þingmönnum boðið. Einn hefur þegið boðið, þingkosningar þar í landi setja staðfestingar aðeins í uppnám.
 - f. Starfsfólk: ráðning verktaka í mánuð til 6 vikur fyrir og um landsfund.

Dagskrá fyrir landsfund verður lögð fyrir stjórnarfund í júní

3. Flokksráðsfundur í ágúst.
 - a. Er fundur til undirbúning landsfund, þar sem hópastarf verður kynnt og rætt.
 - b. Verður einn dagur, laugardaginn 19. ágúst
 - c. Rætt hvar fundur verður haldin, Borgarnesi eða Reykjavík, og hvernig má þætta við sumarferð í beinu framhaldi. **Ákveðið var að halda fundinn í Borgarnesi.**

4. Sumarferð í beinu framhaldi af flokksráðsfundi, gist í Reykholtssdal.

Dagskrá vegna flokksráðsfundar og sumarferðar verður lögð fyrir næsta fund stjórnar í júní.

5. Hugmyndir um (hugmyndasmiðju-thinktank) á vinstri væng. Björg Eva kynnir hugmyndir um að koma vinstristefnu á dagskrá fjölmiðla. Samvinna yrði við aðrar hreyfingar á vinstrivæng til að ræða vinstristefnu og er komin að frumkvæði Samfylkingar og formið orðið nokkuð fastmótað.

Lagt fram til kynningar

6. Fjármál. Björg Eva og Una Hildar kynna fyrsta ársfjórðung og sjóðstreymisýfirlit. Rætt var um að ráða ekki í stöðu Bjarka sem losnar með haustinu og Björg Eva taki sér launalaust leyfi í mánuð meðan Bjarki er í vinnu og utan álagstíma og sá sparnaður dugi til að ekki þurfi að sækja yfirdrátt fyrir lok árs.

Lagt fram til kynningar

7. Önnur mál.
 - a. Sóley Björk ræðir netviðveru og mikilvægi þess að setja reglur framkvæmd fundar, t.d. að fjarendi hafi sig á silent nema þegar talað er og gera þarf sýnilegt hvernig hægt er að biðja um orðið.

Fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur stjórnar VG boðaður föstudaginn 2. júní kl. 15:00.